

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



Dags eftirlits	16.4.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Atlantsolía	Fulltrúi UST	
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Engin frávik eða athugasemdir komu fram við síðasta eftirlit.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Starfsleyfið rann út þann 15. apríl sl. en hefur rekstraraðili fengið undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til 1. október nk., eða þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Rekstraraðili sendi inn umsókn um endurnýjað starfsleyfi til Umhverfisstofnunar þann 13. febrúar 2015 og er það leyfi í vinnslu.

Rekstraraðili afhenti áætlun um þrýstiprófanir á löndunarlögnum í eftirliti. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir því að lagnirnar verði prófaðar í viku 24 í ár og í framhaldinu verði lagnirnar sandblásnar og málaðar. Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila nánari upplýsingar um dagsetningu þegar nær dregur. Við löndunarbyggju liggja tveir löndunarbarkar og varð bensínbarkinn fyrir tjóni nú í vetur v. utanaðkomandi atviks en hefur hann verið endurnýjaður. Díselolíubarkinn verður prófaður með öðrum lögnum í vor.

Farið var yfir niðurstöður mælinga frá árinu 2014. Búið er að taka sýni úr fráveitu fyrir árið 2015 og eru þau sýni í greiningu. Rekstraraðili sendir niðurstöðurnar þegar þær berast.

Gildi mælinga í útblásturslofti voru vel innan marka starfsleyfis eða 0,08g HC/Nm³/klst. en má það vera að hámarki 35g skv. starfsleyfi.

Gildi mælinga í frárennsli voru einnig innan marka.

Farið var yfir rekstrarhandbók og voru skráningar þar skv. áætlun. Dreifingarstjóri sér um úttektir og skráningar skv. eftirlitsáætlun og sér um eftirfylgni sé þess þörf. Olíuskiljur voru tæmdar þann 11. febrúar sl. af Hreinsitækni og voru kvittanir fyrir þeirri losun, sem og losun til endurvinnslu í Örfirisey, alls 1.300 kg.

Olíubílar eru ekki lengur þrífir á plani við stöðina heldur hafa þeir verið þrífir á þvottastöð en verið er að leita að nýjum samningi hvað það varðar.

Tvö minniháttar óhöpp eru skráð í rekstrarhandbók, annars vegar vegna mannglegra mistaka og hins vegar vegna bilunar. Innan við 100L fóru niður á malbikað plan og sá Hreinsitækni um þríf vegna þessa. Engin stærri óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist fyrirtækinu né eftirlitsaðila.

Verið er að vinna endurbættar áætlanir vegna umsóknar um endurnýjun starfsleyfis.

Farið var yfir kosti umhverfisstjórnunarkerfis og minnt á ákvæði um minnkað eftirlit samkvæmt gr. 12.6 og 12.7 í reglugerð 786/1999 um mengunarvarnareftirlit.

Gengið var um stöðina og lekaþrær skoðaðar. Aðstaða á bryggju var einnig skoðuð og engar athugasemdir gerðar varðandi það.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin flokkun á úrgangi á sér stað hjá rekstraraðila, önnur en sú að olíumengaður úrgangur fer til

viðurkenndrar spilliefnamóttöku og pappi er flokkaður frá almennu sorpi.


Starfsmenn fá kennslu í rétttri meðhöndlun efna og aðbúnaðar við upphaf starfs en ekki er um endurmenntun að ræða. Í öllum bílum er öryggishandbók með öllum þeim uppl. sem á þarf að halda komi upp slys eða önnur atvik varðandi öryggi.

Rætt var um gr. 3.2. í starfsleyfi en þar kemur fram að lekavarnir skulu prófaðar á minnst 10 ára fresti. Skv. gr. 60 í reglugerð nr. 35/1994 um varnig gegn olíumengun frá starfsemi í landi, ber að framkvæma lekaprófun á lekavörn þar sem því verður við komið. Ekki er tekið fram í reglugerðinni með hvaða hætti berið að framkvæma þessa prófun. Rekstraraðila er því bent á að ráðfæra sig við verkfræðistofur varðandi hönnun lekavarnarprófs.

Rekstraraðili veltir fyrir sér aðkomu eftirlitsaðila á þrýstiprófunum og staðfestingu á því að lagnir standist prófið. Við síðustu prófanir hefur eftirlitsaðili komið til að staðfesta prófanirnar og gert er ráð fyrir því að sami háttur verði einnig hafður á núna.

Minnt var á að öll skjöl skuli send á ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsmanns.

Reykjavík, 29.05.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.